

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógahverfis, 2. áfanga, Blómalundur 2-4.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti þann 8. september 2015 breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis, 2. áfanga, vegna parhúsalóðanna við Blómalund 2 og 4.

Í breytingunni felst að byggingarreitir færast 1,5 m innar í lóðina.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 11. september 2015.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2015